



Skrifstofa jafnréttismála

Jafnréttisráð Kærunefnd jafnréttismála

Nefndadeild Alþingis,
Þórshamri v/Templarasund,
150 Reykjavík.

Alþingi
Erindi nr. Þ 120/1893
komudagur 6/5 1996

Reykjavík, 3. maí 1996.

Með bréfi dags. 17. apríl sl. óskaði allsherjarnefnd Alþingis eftir umsögn Jafnréttisráðs um frumvarp til laga um lögreglulög, mál 451.

Erindið var rætt á fundi Jafnréttisráðs þann 2. maí og samþykkt eftirfarandi umsögn:

Jafnréttisráð fagnar því að við samningu frumvarpsins var sérstaklega hugað að stöðu kvenna innan lögreglunnar og þeirri staðreynd að mun færri konur starfa sem lögreglumenn en karlar. Mikilvægt er að við því verði brugðist með markvissum hætti.

Það frumvarp sem hér liggur fyrir eru almenn lög um skipulag lögreglumála og verkefni lögreglu. Í frumvarpinu er sérstaklega fjallað um hlutverk og valdsvið lögreglu varðandi almannafrið og allsherjarreglu, sbr. 15. gr. Jafnréttisráð telur rétt að vekja athygli á að ekki er fjallað á sambærilegan hátt um valdmörk og skyldur lögreglu gagnvart heimilisofbeldi. Þau mál eru lögreglunni mjög oft erfið og eru vandmeðfarin. Almenn regla yrði að mati ráðsins til þess fallin að tryggja réttarstöðu lögreglumannsins, meints brotamanns og þolanda ofbeldisins, samhliða að tryggja að ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi heimilislífs yrði virt.

Jafnréttisráð leggur til eftirfarandi breytingar:

1. Nýr töluliður, 5. tl., komi við 28. gr. svohljóðandi:

Við val á umsækjendum skal leitast við að tryggja sem jafnastan hlut kynja innan lögreglunnar.

2. Sem lokamálsliður við tölulið nr. 1 í 38. gr. komi " Við val á umsækjendum skal þess gætt að hlutur kynja sé sem jafnastur.

Jafnréttisráð telur mikilvægt að markvisst verði unnið að því að jafna hlut kynjanna innan lögreglunnar. Lögreglan verður að endurspegla samfélagið í heild. Jafnframt verður það að teljast réttur borgaranna að geta leitað til lögreglumanns af sama kyni, t.d. í viðkvæmum málum eins og nauðgunar- og sífjaspellsmálum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að leggja niður Rannsóknarlögreglu ríkisins en stofna þess í stað sérstakar rannsóknardeildir við embætti tiltekinna lögreglustjóra, sbr. 8. gr. frumvarpsins. Nauðsynlegt er t.d. að við þessar deildir starfi starfsmenn af báðum kynjum.

Jafnréttisráð telur nauðsynlegt að í þeim reglugerðum sem settar verða á grundvelli framangreindra lagagreina verði sett ákvæði um aðgang lögreglumanna að sálgæslu, rétt þeirra til sveigjanlegan vinnutíma, hlutastarfa og fleira sem tryggir að starfsvettvangur lögreglu verði í reynd aðgengilegur konum og körlum með fjölskylduábyrgð. Jafnréttisráð fagnar því að í greinargerð með frumvarpinu er lagt til að við ákvörðun inntökuskilyrða í Lögregluskóla ríkisins beri að huga að sérstöðu kvenna og karla.

Á fundi Jafnréttisráðs kom fram sú athugasemd að ekki væri gert ráð fyrir greiðslu bóta vegna miska skv. 30. gr. og var samþykkt að vekja athygli allsherjarnefndar á því.

Beðist er velvirðingar á því að dregist hefur að afgreiða umsögnina.

Virðingarfyllst,

fh. Jafnréttisráðs,


Elsa S. Þorkelsdóttir.